

**Góð skólasókn stuðlar
að velliðan barns í
skóla og styður við
jákvæða sjálfsmynd**



Mæting er mikilvæg!



**Gerðaskóli
Sandgerðisskóli
Stóru-Vogaskóli**

Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn



Suðurnesjabær



Sveitafélagið Vogar

Farsældar- og skólaforðunarteymi
Suðurnesjabæjar

www.sudurnesjabaer.is

Hvað getum við gert heima?

- Fjölskyldusamvera
- Góð samskipti
- Morgunvenjur
- Kvöldvenjur
- Góður svefn
- Góð næring
- Skjátími - virða reglur
- Sinna heimanámi/lestri
- Skipulag
- Vera í góðu sambandi við skólann
- Frístundir/tómstundir/áhugamál
- Sjónrænt skipulag
- Hvatningarkerfi

Hvað er skólaforðun?

Skólaforðun er meðvituð eða ómeðvituð hegðun sem barn eða unglingur sýnir þegar mæta á í skólann. Hegðunin birtist í erfiðleikum með að sækja skóla hvort sem um er að ræða heilan skóladag eða hluta úr degi í lengri eða skemmri tíma.

Helstu ástæður skólasóknarvanda geta verið tilfinningalegir erfiðleikar, að forðast félagslegar aðstæður, aðskilnaðarkvíði eða sækjast í umbun sem er heima, til dæmis tölvuleiki, sjónvarp eða vera með vinum.

Í grunnskólum sveitafélaganna er sett fram verklag um skólasókn til að styðja við farsæla skólagöngu nemenda. Stuðst er við þrepin hér til hliðar til að styrkja nemandann og umhverfi hans til að koma í veg fyrir frekari vanda.



Prepin 4

Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn

Fjarvera í 5 til 9 daga

Samtal við nemanda og símtal við forsjáraðila. Markmiðið er að finna ástæðu fjarvista og hvort þær eigi sér eðlilegar skýringar eða grunur sé um skólaforðunarvanda.

Fjarvera í 10 til 15 daga

Boðað til fundar í skóla og teymi myndað í kringum nemanda. Tengiliður farsældar virkjaður.

Fjarvera í 16 til 29 daga

Máli vísað í Nemendaverndarráð. Farsældar-og skólaforðunarteymi tekur við málinu.

Fjarvera í 30+ daga

Sé málið komið á þennan stað er tilkynning send til barnaverndar. Teymið heldur áfram að vinna með nemandanum og forsjáraðilum.

